



Greiðslur úr Verkfallssjóði SLFÍ til sjúkraliða sem starfa hjá fyrirtækjum og stofnunum innan Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu: *Ás Hveragerði,*

Dalbær, Eir, Grund, Hlévangur, HNLFI, Hornbrekka, Hrafnista Reykjavík, Hrafnista Hafnarfirði, Hrafnista í Kópavogi, Hrafnista Reykjanesi, Kumbaravogur, Lundur, Mörk, SÁÁ, Sjálfsbjargarheimilið, Skjól, Skógarbær, Sóltún og Sunnuhlíð.

Stefnt er að því að greiðslur til sjúkraliða hefjist um n.k. mánaðamót (júní/júlí), en **ekki** verður lokað fyrir greiðslur eftir það, þó að upplýsingar hafi ekki borist í tæka tíð.

Skila þarf inn launaseðli eða ljósmynd af launaseðli, þ.s. fram koma upplýsingar um starfsprósentu og vinnustað. Einnig þurfa að koma fram allar bankaupplýsingar þannig að hægt sé að greiða inn á viðkomandi (upplýsingarnar eru oftast á launaseðli).

Upplýsingarnar eiga að sendast inn á launasedill@slfi.is, en þeir sem ekki treysta sér í eða hafa aðstöðu til að senda upplýsingarnar rafrænt geta sent þær í pósti merktar *launaseðill vegna verkfalls*, á heimilisfang félagsins, Grensásveg 16, 108, Reykjavík.

Verkfallssjóðir félaganna munu greiða úr verkfallssjóðum til félagsmanna miðað við starfsprósentu

- * 60.000 kr. til þeirra sem eru í 80-100% starfi.
- * 40.000 kr. til þeirra sem eru í 50-79% starfi.
- * 25.000 kr. til þeirra sem eru undir 50%

Vinsamlegast athugið að félagið tekur ekki skatt af upphæðinni og þ.v. er nauðsynlegt að gera grein fyrir þessari greiðslu á komandi skattframtali og mun hún verða skattlögð það árið.

Virðingarfyllst
Stjórn Verkfallssjóðs SLFÍ